

Nd.

399. Frumvarp til laga

[153. mál]

um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Innan íslenzkar fiskveiðilandhelgi skulu fiskveiðar með dragnótum óheimilar öðrum en þeim, sem til veiðanna hafa leyfi sjávarútvegsmálaráðherra.

Ráðherra getur, samkvæmt tillögum fiskideildar atvinnudeildar háskólans og Fiskifélags Íslands, ákveðið fyrir eitt ár í senn, að dragnótaveiði sé heimil á tilteknu svæði eða svæðum á tímabilinu 15. júní til 31. október eða skemmri tíma, eftir því sem nánar er ákveðið samkvæmt lögum þessum.

Áður en gerðar eru tillögur um opnun einstakra veiðisvæða, skal Fiskifélag Íslands leita álits sveitarstjórna og annarra aðila, sem hagsmuna hafa að gæta á viðkomandi veiðisvæði. Berist álitsgerðir, skal ráðherra óheimilt að opna veiðisvæði eða hluta þess, nema álitsgerðirnar styðji almennt þá framkvæmd.

Ef sveitarstjórnir, samtök útvegsmanna, sjómanna eða verkamanna leiða rök að því, að hagkvæmara sé að stunda aðrar veiðar en dragnótaveiðar á tilteknum hlutum veiðisvæðis, og bera fram óskir um, að þeir hlutar svæðanna verði friðaðir sérstaklega fyrir dragnótaveiði, þá skal ráðherra í samráði við Fiskifélag Íslands verða við þeirri ósk.

2. gr.

Leyfi til dragnótaveiða samkvæmt 1. gr. má veita íslenskum fiskiskipum, sem eru 35 rúmlestir brúttó eða minni, og gilda leyfin fyrir eitt veiðitímabil í senn.

Heimilt skal þó ráðherra að veita veiðileyfi fyrir allt að 45 brúttó-rúmlesta skip. Einnig getur hann, ef þörf þykir, takmarkað veiðileyfin við 25 brúttó-rúmlesta skip.

Veiðileyfi til einstakra skipa skulu afgreidd eigi síðar en 1. maí það ár, sem dragnótaveiði er leyfð.

Ráðherra setur þau skilyrði fyrir leyfisveitingu, sem nauðsynleg teljast, og varða brot gegn þeim sviptingu leyfis.

3. gr.

Dragnótaveiðar skulu með öllu bannaðar innan afmarkaðra, löggiltra hafnar-svæða, svo sem þau eru tiltekin í hafnarreglugerðum.

4. gr.

Skipum, sem stunda vísindalegar rannsóknir á vegum fiskideildar atvinnudeildar háskólans, skal heimilt að nota dragnót til veiða innan fiskveiðilandhelginnar, hvenær ársins sem er og án sérstaks leyfis. Ráðherra getur veitt erlendum skipum, sem stunda vísindalegar rannsóknir, leyfi til að nota dragnót til veiða innan fiskveiðilandhelginnar um takmarkaðan tíma í einu.

5. gr.

Fiskideild atvinnudeildar háskólans skal fylgjast stöðugt með veiðum þeim, er um ræðir í lögum þessum, og gera ráðuneytinu þegar viðvart, ef deildin telur hættu á, að veiðarnar gangi of nærri stofni nytjafiska eða spilli á einhvern hátt framtíð íslenzkra fiskveiða.

Að fengnum samhljóða tillögum fiskideildar atvinnudeildar háskólans og Fiskifélags Íslands, er ráðuneytinu skylt að takmarka veiðiskipafjölda á ákveðnum tilteknum veiðisvæðum. Einnig skal ráðuneytið samkv. tillögum sömu aðila banna drag-

nótaveiðar á tilteknum svæðum eða í allri fiskveiðilandhelginni hluta af hinu leyfða veiðitímabili eða alveg fyrir eitt ár í senn, ef líklegt þykir, að fiskistofnar séu í hættu fyrir ofveiði.

6. gr.

Ráðherra getur sett fyrirmæli um hvað eina, sem snertir framkvæmd laga þessara, þ. á m. um möskvastærð dragnóta, lengd dragstrengja, lágmarksstærð þess fisks, sem fluttur er í land eða haldið um borð í skipi, um meðferð aflans um borð í veiðiskipi, veiðiskýrslur og bann við að hnýta eða selja net með minni möskvastærð en ákveðin hefur verið.

7. gr.

Utan þess tímabils, sem dragnótaveiðar eru leyfðar samkvæmt 1. gr. laga þessara, er íslenskum skipum óheimilt að hafa dragnætur og dragstrengi um borð.

8. gr.

Skipstjóri, sem uppvís verður að ólöglegum dragnótaveiðum eða tilraun til þeirra samkvæmt lögum þessum eða fyrirmælum, sem sett eru samkvæmt þeim, skal sæta sektum, 500—5000 gullkrónum. Skulu þá öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs upptæk.

Hlutdeild í broti skipstjóra, samkvæmt 1. málsg. þessarar greinar, varðar sömu refsingu.

Lögskráðir skipverjar skulu ekki teljast hlutdeildarmenn í broti skipstjóra síns.

Sé um ítrekað brot að ræða eða þegar miklar sakir eru, skal heimilt að dæma sökunaut samkvæmt 1. og 2. málsg. þessarar greinar í varðhald allt að 3 mánuði auk sekta, varði brot ekki þyngri refsingu samkvæmt öðrum lögum.

9. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara eða reglugerða, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, sem eigi eru lagðar refsingar við í 8. gr. laganna, varða sektum, 1000—25000 krónum.

10. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið að hætti opinberra mála.

11. gr.

Sektarfé eftir lögum þessum svo og andvirði upptæks afla og veiðarfæra rennur í Fiskveiðasjóð Íslands.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, ásamt síðari breytingum á þeim lögum, lögum nr. 26 12. febr. 1940, nr. 65 7. maí 1940, nr. 83 22. okt. 1945, nr. 2 24. jan. 1951 og nr. 31 7. marz 1951.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1960 kemur ekki til framkvæmda ákvæði 3. málsg. 2. gr. laga þessara, heldur skal ráðuneytið afgreiða veiðileyfi svo fljótt sem verða má.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt af sjávarútvegsnefnd Nd., en hún hefur haft til athugunar frv. á þskj. 5 um sama efni, flutt af Karli Guðjónssyni o. fl.

Þegar það frv. var til 1. umræðu í Nd. í nóvembermánuði upplýsti hæstv. sjávarútvegsmálaráðherra, að von væri á álitssgerð og frv. frá nefnd, er hann hefði skipað s. l. ár til þess að gera tillögur um dragnótaveiðar, og þótti eftir atvikum rétt að biða með afgreiðslu málsins í nefnd, þar til fyrir lægi álit hinnar stjórnskipuðu nefndar.

Uppkast hennar að frv. til 1. um dragnótaveiðar hefur nú einnig verið til athugunar, og er frumvarpið hér að framan samið með hliðsjón af því uppkasti og frv. Karls Guðjónssonar o. fl. á þskj. 5. Varð um það samkomulag milli flm. þess frv. og nefndarinnar, að hún semdi nýtt frv., og tók Karl Guðjónsson sæti í nefndinni í fjarveru Lúðvíks Jósefssonar, meðan á afgreiðslu málsins stóð. Alls hafa verið haldnir 7 fundir um þetta mál.

Nefndin óskaði eftir umsögnum ýmissa aðila um málið. Eru þeir taldir hér á eftir og stuttlega getið um svör þeirra.

Fiskifélag Íslands: Mælir með takmörkuðu leyfi undir vísindalegu eftirliti.

Samband fiskideilda á Snæfellsnesi: Mælir með takmörkuðu leyfi.

Samband fiskideilda Sunnlendingafjórðungs: Óskar ýtarlegri rannsóknar, áður en ákvörðun er tekin um takmörkuð leyfi.

Landssamband íslenzkra útvegsmanna: Óskar, að rannsakað sé, hvort tímabært sé að veita takmörkuð leyfi undir eftirliti.

Fiskideildir Austfirðingafjórðungs: Mæla með takmörkuðum leyfum.

Fiskideild Vestmannaeyja: Mælir með leyfum samkvæmt frv. á þskj. 5. Vill leyfa stærri bátum en 35 rúml. dragnótaveiðar.

Fiskideildir Vestfjarða: Mæla með takmörkuðum leyfum undir vísindalegu eftirliti.

Samband fiskideilda á Norðurlandi: Hefur ekki svarað sérstaklega, en vísar til meðferðar fiskiþings á málinu.

Alþýðusamband Íslands: Hefur ekki svarað vegna ólíkra skoðana innbyrðis.

Sumir framangreindir aðilar, t. d. L. Í. Ú., svöruðu með því að vísa til svara sinna frá s. l. ári um sama mál.

Nefndinni er ljóst, að enn þá eru skoðanir manna skiptar um það, hvort leyfa beri dragnótaveiðar í fiskveiðilandhelginni eða ekki. Þó er auðsætt, að þeirri skoðun hefur aukizt fylgi, að tímabært sé að leyfa þessar veiðar á ný með takmörkunum á skipafjölda og veiðisvæðum og undir ströngu vísindalegu eftirliti. Þetta má m. a. marka af ályktunum síðasta fiskiþings. Skoðun fiskifræðinganna fellur í sama farveg, sbr. fskj. I og II með frv. á þskj. 5.

Jafnframt virðist koma í ljós, að áhugi manna á málinu fari nokkuð eftir því, hvar á landinu þeir búa. Raddir þær, sem vilja framgang málsins og borizt hafa frá Vestmannaeyjum, Breiðafirði, Vestfjörðum og Austfjörðum, virðast sterkari en hinar, sem eru á móti því. Við Faxaflóa og á Norðurlandi ber meira á andstæðingum dragnótaveiða.

Þessi skipting virðist vera það greinileg, að með ýtarlegri skoðanakönnun en þeirri, sem nefndinni hefur unnizt tími til að framkvæma, geti hún komið enn þá betur í ljós, þannig að unnt sé að taka tillit til hennar við ákvörðun veiðisvæðanna.

Þess vegna er lagt til í frv., að áður en gerðar séu tillögur um opnun einstakra veiðisvæða, skuli Fiskifélag Íslands leita álitss sveitarstjórna og annarra aðila, sem hagsmuna hafa að gæta, sbr. 1. gr.

Gert er ráð fyrir, að byrjað verði á að heimila dragnótaveiði á þeim svæðum, þar sem sízt er talin hætta á, að hún gangi of nærri stofni nytjafiska, dragi úr veiðimöguleikum báta, sem nota önnur veiðarfæri, eða spilli á einhvern hátt framtið íslenzkra fiskveiða á grunnmiðum.

Sú mótbára hefur oft komið fram gegn því, að dragnótaveiðar yrðu leyfðar, að það kynni að spilla málstað okkar í landhelgismálinu.

Nefndin kynnti sér álit Hans G. Andersens sendiherra og Davíðs Ólafssonar fiskimálastjóra á þessu atriði. Mættu þeir á fundi nefndarinnar 2. marz s. l., og

lýstu þar báðir þeirri skoðun sinni, að það mundi á engan hátt skaða málstað okkar í landhelgisdeilunni, þótt dragnótaveiðar yrðu upp teknar á ný. Sú skoðun kom fram hjá þeim, að Íslendingar yrðu að sýna fram á það, um leið og þeir krefðust aukinnar landhelgi, að þeir væru færir um að nytja þá fiskistofna, sem þar vaxa upp.

Þess skal að lokum getið, að frv. það, sem nefndin flytur, er byggt á samkomulagi og er tilraun til lausnar á vandasömu deilumáli.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar og fskj. I og II með frv. á þskj. 5. Enn fremur vísast til athugasemda stjórnskipuðu nefndarinnar við uppkast það, er hún samdi, en þær eru prentaðar með þessu frv. sem þskj.

Fylgiskjal.

Á árinu 1959 skipaði sjávarútvegsmálaráðherra eftirtalda menn í nefnd til þess að gera tillögur um dragnótamálið:

Davíð Ólafsson fiskimálastjóra,
Sverri Júlíusson formann L. Í. Ú.,
Elías Þorsteinsson, formann S. H.,
Ólaf Björnsson sjómann, Keflavík,
Jón Jónsson fiskifræðing.

Nefndin lagði til, að leyfðar yrðu takmarkaðar dragnótaveiðar í fiskveiðilandhelginni, og samdi uppkast að frv. um það efni. Því uppkasti fylgdu m. a. þessar

a t h u g a s e m d i r :

Upp úr árinu 1930 hófust hér við land dragnótaveiðar íslenzkra skipa í allstórum stíl, miðað við þann skipakost, sem þá var fyrir hendi. Þessar veiðar fóru vaxandi, eftir því sem tímar liðu og möguleikar til vinnslu aflans í landi urðu meiri með vaxandi frystihúsakosti. Einkum miðuðust þessar veiðar við það að ná til flatfisksins, en einnig voru það aðrar fisktegundir, svo sem ýsa, sem menn sóttust eftir. Höfðu þessar veiðar verulega þýðingu fyrir hraðfrystihúsin víða um land, sem í fyrstu byggðu afkomu sína að verulegu leyti á flatfiskveiðinni. Hlutur Íslendinga í veiði flatfisksins var þó ávallt mun minni en erlendra veiðiskipa, sem sóttu mikið á Íslandsmið, m. a. einmitt til að veiða flatfiskinn.

Hóflaus veiði leiddi, svo sem alkunnugt er, til þess, að stofnarnir þoldu ekki álagið. Með lögum frá 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins, var svo hafinn undirbúningur að friðunaraðgerðum þeim, sem síðar hafa verið framkvæmdar, fyrst með reglugerð um verndun fiskimiða fyrir Norðurlandi, 22. apríl 1950, síðan með reglugerð um verndun fiskimiða umhverfis Ísland, frá 19. marz 1952, og loks með reglugerð um fiskveiðilandhelgi Íslands, frá 30. júní 1958. Með reglugerðum þessum voru m. a. bannaðar allar dragnótaveiðar innan friðunarlinunnar, eins og hún var á hverjum tíma. Þó voru veittar vissar undanþágur, að því er tók til tiltekinna svæða og tímabila, með reglugerð frá 29. ágúst 1958.

Þegar reglugerðin frá 1952 kom til framkvæmda, mátti heita, að allar dragnótaveiðar legðust niður.

Árangur friðunaraðgerðanna hefur ótvírætt orðið sá, sem m. a. var til ætlazt, að flatfiskstofnarnir hafa stóraukizt. Það var augljóst, að ef svo færi sem nú hefur raun á orðið, að þessir fiskistofnar næðu sér aftur. Þá kom að því, að leyfa skyldi á nýjan leik veiðar með því veiðarfæri, sem bezt hefur reynzt við veiðar flatfisks, en það er einmitt dragnótin. Verður því eftir öllum aðstæðum að teljast eðlilegt, að þær veiðar verði nú leyfðar á nýjan leik. Aðstæður hafa nú gerbreytzt frá því, sem áður var, að því er snertir sókn á flatfiskmiðin. Erlend veiðiskip eru nú að mestu útilokuð frá að sækja á þessi mið, en Íslendingar einir geta hagnýtt sér þau, þar sem þau liggja að langmestu leyti innan fiskveiðilandhelginnar.

Hvílir þá einnig nokkur skylda á Íslendingum að hagnýta á skynsamlegan hátt þá fiskistofna, sem einkum veiðast á þessu svæði. Með þeim möguleikum til rannsóknna og þeirri þekkingu á flatfiskstofnunum, sem vísindamenn okkar hafa, á að vera unnt að haga aðgerðum svo við dragnótaveiðarnar, að ekki komi til þess, að þær leiði aftur til ofveiði á þessum fiskistofnum. Er því nauðsynlegt, að fyrst í stað a. m. k. sé farið hægt í sakirnar, og óhjákvæmilegt er, að haft sé opinbert og vísindalegt eftirlit með framkvæmd veiðanna, svo sem ráð er fyrir gert í frumvarpi þessu.

Um þróun flatfiskveiðanna hér við land og álit vísindamanna okkar á þeim málum vísast að öðru leyti til umsagnar þeirra dr. Árna Friðrikssonar, dags. 22. okt. 1958, og Jóns Jónssonar, dags. 5. nóv. 1958, til sjávarútvegsmálaráðuneytisins.

Að lokum verður að líta á þá hlið þessa máls, sem snýr að vinnslustöðvunum.

Þegar dragnótaveiðarnar hættu, varð það verulegt áfall fyrir hraðfrystihúsin víða um land, sem höfðu byggt starfsemi sína að verulegu leyti á vinnslu dragnótaafllans, aðallega flatfisksins. Vaxandi afli af öðrum fisktegundum á smábáta á undanförunum árum hefur að vísu bætt þetta upp að nokkru, en verulega þýðingu mundi það víða hafa, ef hægt væri að auka til muna hráefnismagn til vinnslu í frystihúsunum, sem víða eru þýðingarmestu vinnuveitendur í veiðistöðvunum. Standa vonir til þess, að dragnótaveiðarnar geti hér haft drjúga þýðingu.